

Föstudaginn 1. apríl 1966.

Nr. 117/1965. **Haraldur Böðvarsson**
og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f
 (Ragnar Aðalsteinsson hdl.)
 gegn
Margréti Sigríði Guðjónsdóttur
 (Hörður Ólafsson hdl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Línadal.

Bífreiddar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. júlí 1965, krefjast sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms, þó svo, að dæmd fjárhæð lækki um kr. 100.00 vegna reikningsskekkju, að því er 5. kröfulið í héraði varðar. Þá krefst stefndi og málskostnaðar af áfrýjendum hér fyrir dómi.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru en því, að bótafjárhæð lækki um kr. 100.00, sbr. dómkröfu stefnda.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjendur greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Haraldur Böðvarsson og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði in solidum stefnda, Margréti Sigríði Guðjónsdóttur, kr. 46.880.00 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 61.880.00 frá 11. júlí 1964 til 21. desember 1964, sömu ársvöxtum af kr. 46.880.00 frá þeim degi til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðslu-

dags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr 21.500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. maí 1965.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. maí, hefur stefnandi, Margrét Sigríður Guðjónsdóttir, Greniteig 14 Keflavík, höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 6. jan. 1965, á hendur Haraldí Böövarssyni útgerðarmanni, Akranesi, og Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 106.980.00 auk 7% ársvaxta frá 11. júlí 1964 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Þess er krafizt, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða fjárhæðir þessar.

Stefndu krefjast þess *aðallega*, að þeir verði algerlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og dæmdur málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins. *Til vara* er krafizt lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málavextir eru þeir, að hinn 11. júlí 1964 kl. 1940 varð árekstur milli bifreiðanna Ö 898 og E 7 á blindhæð einni í Hálsasveit með þeim afleiðingum, að stefnandi og fleiri, sem í bifreiðinni voru, slösuðust allverulega. Við lögreglurannsókn, sem fram hefur farið í málinu, hefur eftirfarandi komið í ljós.

Eigandi og ökumaður Ö 898, Óskar Pálsson, Keflavík, hefur skýrt svo frá atvikum 13. ágúst 1964 fyrir rannsóknarlögreglunni í Keflavík: Hann kveðst hafa verið á leið frá Keflavík í bifreið sinni, sem er Moskvich tegund, og ætlað að Arnheiðarstöðum í Hálsasveit. Er hann var kominn að stað, sem Merkjaholt heitir, og var á leið upp brekku, sá hann bifreiðina E 7 koma yfir blindhæð á móti sér. Hann kveðst hafa verið á skikkanlegri ferð og hemplað strax, er hann sá til bifreiðarinnar, og verið allt að því alveg stanzaður, er áreksturinn varð. Stórir steinar, er voru á vegarkantinum, vörnuðu honum að fara utar. Lögreglumenn, sem komu á vettvang, sáu þessa steina, en af einhverjum ástæðum hafi þeir ekki merkt þá inn á afstöðuteikningu. Þar sem áreksturinn skeði, var útskot á vegarhelmingi bifreiðarinnar, sem kom á móti, og sléttur melur þar út af. Við höggið snerist bifreið hans inn á veginn. Farþegar með sér í bifreiðinni hafi verið kona sín, stefnandi máls þessa, og Ólafur Ögmundsson, Sandgerði. Slösuðust þau bæði. Honum var sýnd afstöðumynd, og taldi hann hana rétta.

Ólafur Ögmundsson, Sandgerði, hefur einnig gefið skýrslu

hjá rannsóknarlögreglunni í Keflavík. Var frásögn hans samhljóða frásögn Óskars í öllum atriðum. Hann telur einnig, að steina þá, sem um getur í skýrslu Ólafs, vanti inn á afstöðuteikninguna. Þann 24. ágúst 1964 kom Leifur Matthías Finnsson, Akranesi, ökumaður E 7, sem er af gerðinni Mercedes Benz, árgerð 1958, fyrir dóm á Akranesi. Hann skýrir svo frá, að hann hafi verið í skemmtiferð með eiganda bifreiðarinnar, Haraldí Böövarssyni útgerðarmanni, Akranesi, og sat hann í framsætinu. Aftur í bifreiðinni voru kona hans, Ingunn Sveinsdóttir, og Agnar Sigurðsson skrifstofumaður. Þau voru á heimleið, og var ekið í suðurátt. Þau höfðu ekið um Hvítársíðu og voru að aka yfir flóa í Hálsasveit, er framundan var allbrött blindhæð, en ekki há. Fyrir neðan hæðina var nokkur slakki, og var því alls ekkert útsýni yfir hæðina. Hann kveðst hafa ekið upp hæðina á 40—50 km. hraða í 3. gír. Þegar bifreiðin kom upp á hæðina, mættu þeir Ö 898, sem var ný Moskvich bifreið. Hann kveðst strax hafa hemlað, en það skipti engum togum, að bifreiðarnar rákust saman. Lenti Ö 898 á framstuðara bifreiðarinnar E 7, hægra megin. Hann kveðst álíta, að bifreiðin Ö 898 hafi ekki verið stöðvuð eða við það að stanza, er áreksturinn varð. Ekki segir hann, að neinn tími hafi verið til að sveigja til vinstri handar og ekki hafi hann orðið var við, að bifreiðarnar köstuðust til við áreksturinn. Ekki voru þarna nein merki um blindhæð. Aðstæður hafi þarna verið þær, að til vinstri við akstursstefnu hans var útskot á veginum, en engin hjólför þar og hafi hann því ekið eftir hjólförum þarna, sem voru ein og greinileg. Hann telur sig hafa verið vinstra megin miðað við venjulega akstursleið þarna á staðnum. Ekki kveðst hann hafa veitt neinum steinum athygli á vegarhelmingi Ö 898. Hann gerði ekki neinar athugasemdir við afstöðuteikningu þá, sem liggur frammi í málinu. Vitnið Agnar Sigurðsson skrifstofumaður, Akranesi, hefur komið fyrir dóm og skýrt svo frá: Það kveðst hafa verið farþegi í bifreiðinni E 7 í umrætt sinn og setið í aftursæti, hægra megin. Vitnið er ekki bifreiðarstjóri og treystir sér því ekki til þess að segja um hraða bifreiðanna, er áreksturinn varð. Þó hafi hraði bifreiðanna verið töluverður, er þær skullu saman, og hraði Ö 898 örugglega ekki verið minni en E 7. Áreksturinn hafi verið mjög harður. Vegurinn var þarna harður og malborinn. Uppi á hæðinni, þar sem áreksturinn varð, var hann breiður og mjög auðvelt að mætast, án þess að árekstur yrði, ef báðar bifreiðarnar hefðu verið betur úti á sínum kanti. Vitnið segir, að Ö 898

hafi ekki verið úti á sínum kanti, og ekki kveðst það muna eftir neinum steinum þeim megin á vegarbrúninni. Meðan beðið var eftir lögreglu, óku bifreiðar þær, sem leið áttu um veginn, báðum megin við hinar löskuðu bifreiðar. Ekki minnst vitnið þess, að bifreiðinni E 7 væri hemlað. Vitnið gerði ekki neinar athugasemdir við afstöðuuppdrátt. Nokkru eftir áreksturinn komu lögreglumenn á vettvang, gerðu vettvangsuppdrátt og tóku ljósmyndir af bifreiðunum, eins og þær voru eftir áreksturinn. Eftir uppdrættinum, dskj. nr. 4, virðist breidd vegarins á árekstursstaðnum vera milli 6 og 7 metrar, ef útskotið er tekið með. Vegurinn var malborinn, þurr og harður. Eftir ljósmyndunum að dæma er nokkur malarruðningur báðum megin vegarins. Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að stjórnandi E 7 hafi valdið árekstrinum með gálausum akstri. Hann hafi ekið of hratt, vanrækt að beita hemlum, farið fram hjá útskoti á vinstri hönd og ekið að miklu leyti á röngum vegarhelmingi. Beri því eigandi bifreiðarinnar fulla fébótaábyrgð á tjóni því, sem stefnandi varð fyrir af völdum árekstursins samkvæmt 67. gr. sbr. 69. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og skipti ekki máli, þótt Ö 898 hafi verið í einhverjum órétti eða ekki.

Sýknukröfu sína byggja stefndu á því, að þar sem stefnandi hafi þegar fengið greiddar kr. 15.000.00, þá eigi hann ekki rétt á frekari bótum. Varakrafan sé hins vegar á því byggð öðrum þræði, að verði sú fjárhæð eigi talin hæfilegar bætur til stefnanda, þá sé aðeins um lága fjárhæð að ræða miðað við sök ökumanns. Við munnlegan málflutning hélt hann því fram, að 67. gr. umferðarlaga ætti hér ekki við, heldur 68. gr. og yrði því stefnandi, sem er eiginkona ökumanns og eiganda bifreiðarinnar Ö 898, að sæta því að fá aðeins bætt úr hendi stefnda tjón sitt að svo miklu leyti, sem það telst vera sök ökumanns E 7, þar sem bifreiðin sé sameign þeirra hjóna og engin kaupmáli þeirra í milli hafi verið gerður.

Eins og málum hefur nú verið lýst, er ljóst, að bifreiðin E 7 á sök á slysinu, enda viðurkenndi lögmaður stefndu sökina að hluta í munnlegum málflutningi. Þykir því mega fallast á þá skoðun stefnanda, að hún geti sótt eiganda E 7 til fullrar fébótaábyrgðar á tjóni því, sem hún beið við slysið, sbr. 67. gr. umferðarlaga, og skipti í því sambandi ekki máli, þótt ökumaður Ö 898 yrði að einhverju leyti talinn meðvaldur að tjóninu. Þótt stefnandi sé eiginkona hins skráða eiganda og ökumanns Ö 898, takmarkar það í engu rétt hennar til fullra bóta á hendur stefndu.

Samkvæmt þessu ber að dæma eiganda E 7 til að bæta stefnanda tjón hennar að fullu.

Kemur til álita, hvort stefnandi hefur þegar fengið bætt tjón sitt að fullu.

Stefnandi sundurliðar tjón sitt þannig:

1. Atvinnutjón	kr. 15.000.00
2. Þjáningar og lýti	— 80.000.00
3. Fataskemmdir	— 3.980.00
4. Heimilisaðstoð	— 3.000.00
5. Útlagður kostnaður	— 5.000.00

Samtals kr. 106.980.00

Um lið 1:

Þessum lið hafa stefndu mótmælt sem allt of háum. Strax eftir slysið var stefnandi flutt í sjúkraskýlið á Kleppjárnsreykjum, en daginn eftir í Sjúkrahús Akraness. Þar var gert að sárum hennar, og samkv. vottorði Páls Gíslasonar á dskj. nr. 7 útskrifaðist hún þaðan 17. júlí 1964. Þann 24. sept. 1964 rannsakar Þórarinn Sveinsson stefnanda og metur þá örorku hennar þannig:

Fyrir 1/2 mán. fyrst eftir slysið	100% örorka
— 1/2 — þar á eftir	75% —
— 1/2 — — — —	50% —
— 1/2 — — — —	35% —
— 1/2 — — — —	15% —

Úr því 10% örorka um 2 mánaða skeið með tilliti til afleiðinga heilahristings. Ekkert tillit er tekið til þjáninga eða lýta í þessu mati. Samkvæmt vottorði frá Keflavík h/f var stefnandi ráðin til vinnu í frystihúsi félagsins tímabilið 15/6—15/10 '64. Meðaltekjur kvenna á því tímabili voru kr. 6.800.00 á mánuði. Eftir vottorði frá sama fyrirtæki, dags. 22. febr. 1965, voru tekjur stefnanda á tímabilinu 15/6—11/7 kr. 6.760.57, en meðaltekjur kvenna á sama tíma 7.482.00. Með hliðsjón af þessu þykir stefnandi hafa stillt þessum kröfulið í hóf, og ber því að taka hann til greina.

Um lið 2:

Eftir slysið var stefnandi tafarlaust flutt í sjúkraskýlið að Kleppjárnsreykjum og daginn eftir í Sjúkrahúsið á Akranesi. Þaðan útskrifaðist hún 17. júlí gegn því skilyrði að liggja áfram

heima. Þann 24. sept. 1964 rannsakaði Þórarinn Sveinsson hana, og segir svo í vottorði hans á dskj. nr. 8:

„Þann 24. sept. þ. á. mætti að tilhlutan yðar frú Margrét Sigríður Guðjónsdóttir í lækningastofu minni til skoðunar. Hún á heima á Greniteig 14, Keflavík. Hún er fædd 22/3 1938.

Þann 11. júlí 1964 var kona þessi farþegi í fólksbíl, er lenti í árekstri við annan bíl uppi í Hálsasveit í Borgarfirði. Segist hún hafa kastast á framrúðu bílsins og skorizt við það á höfði og víðar. Var hún flutt að Kleppjárnsreykjum, og var hún þar í sjúkraskýlinu um nóttina. Daginn eftir var hún svo flutt í Sjúkrahúsið á Akranesi. Samkvæmt vottorði Páls Gíslasonar, yfirlæknis, dags. 1. sept. 1964, voru meiðsli slösuðu talin:

„Við skoðun kom í ljós að hún var all-mikið skorin í andliti, eða sem hér segir: 1/ Á hægri augnaloki 3 cm. langur skurður. 2/ og 3/ Tveir tættir skurðir á höku með mörgum glerbrotum. 4/ Á neðri vör v. megin 1 cm. skurður. 5/ Á hnakka 3—4 cm. skurður. 6/ Smáhrúfl víðar á andliti. 7/ Skurður á vinstra hné, 4 cm. langur. Hægri auga sokkið í mari. Nokkur væg einkenni um heilahristing. Gert var að sárum sjúklingsins og greru þau vel. Saumur í andliti tekinn á 5. degi.

Sjúklingurinn útskrifaðist 17/7 1964.“

Sjálf segist slasaða hafa fengið leyfi til heimferðar úr sjúkrahúsinu með því skilyrði að liggja áfram heima. Það gerði hún í ca. viku tíma, en fór upp úr því að stunda heimilisstörf, en hún hefur heimili og þrjú börn um að hugsa. Fyrir slysið segist hún hafa unnið lítils háttar í frystihúsi í Keflavík.

Slasaða telur sig lengi hafa haft höfuðverk eftir slysið og hafa hann meira að staðaldri en hún hafi átt vanda til áður. Ennfremur upplýsir slasaða, að hún hafi haft uppköst fyrsta kvöldið eftir slysið. Kvartanir slösuðu eru óþægindi í vinstra hné og þá einkanlega, ef hún þarf að krjúpa á það.

Skoðun: Kona í meðalholdum. Kemur eðlilega fram.

Höfuð: Smá ör sjást enn í andliti eftir meiðslið. Mest ber á tveim örum v. megin. Er annað fremst á kinnbeininu, en hitt undir hökunni. Útlit er fyrir, að sárbarmarnir hafi verið lítið eitt ójafnir. Örin eru um 2 cm. löng. Örlítið ör á neðri vör v. megin, vart merkjanlegt. Í hægri augnkrók við nefrót og upp í augnabrúnina er bogadregið ör um 1,5 cm. á lengd. Einnig sést annað ör á augnalokinu við ytri augnkrók, um 1 cm. langt, og er smá ber í því, er hún segist hafa óþægindi af. Má gera ráð fyrir að nema þurfi þetta ber í burtu (Fibroneuroma).

Þótt stærsta sárið væri upphaflega á hnakka, er það nú svo vel gróið, að ekki er unnt að finna fyrir því. Smá hárlaus blettur gefur til kynna, að þar hafi meiðслиð verið. Blóðþrýstingur mældist 140/75. Hjartahljóð voru hrein og regluleg.

Vinstri ganglimur: Framan á hnéskelinni er 8 cm. langt S-laga ör, mjög vel gróið. Engin eymsli er að finna, en frekar er þunnt á beini á þessu svæði. Hreyfingar í hnéliðnum eru eðlilegar. Reflexar eru líflegir.

Ályktun: Um er að ræða konu, er varð fyrir meiðslum við samakstur bíla. Meiðslin voru aðallega skrámur og skurður í andliti og vinstra hné og léttur heilahristingur, að því er talið var.“

Þann 6. maí 1965 skoðar Kjartan Ólafsson héraðslæknir stefnanda, og er vottorð hans svohljóðandi: „Margrét Guðjónsdóttir, Greniteig 14, Keflavík, 22/3 '38. Sjúkl. kvartar enn um slæm höfuðverkjaköst og eymsli í báðum hnjám. Obj. Virðist smá bris á hægri augabrún, auk þess bursa patellani bilateralis aumar, svo og (ólæsilegt) vottur í hnjám. Sennilega rétt að endurtaka myndatöku af hnjám. Keflavík 6/5 1965. Kjartan Ólafsson.“

Hefur þá sjúkrasaga stefnanda verið rakin. Áður en munnlegur málflutningur hófst, kom stefnandi á fund dómara og málflytjenda. Voru enn sjáanleg smá ör í andliti hennar og á hné. Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem allt of háum. Ljóst er, að stefnandi hefur liðið verulegar þjáningar í sambandi við slysið. Hins vegar verður að telja, að hún beri aðeins smávægileg lýti eftir áverkann. Þykja því bætur hennar hæfilega ákveðnar eftir þessum lið kr. 35.000.00.

Um lið 3:

Þessum lið hefur ekki verið andmælt tölulega, og verður hann því tekinn til greina.

Um lið 4:

Stefnandi hefur lagt fram reikning fyrir þessum lið, og ber því að taka hann til greina.

Um lið 5:

Þennan lið hefur stefnandi stutt með framlögðum reikningum, sem ekki verða vefengdir, og ber því að taka hann til greina.

Niðurstaða málsins verður því sú, að tjón stefnanda af völdum umrædds slyss nemur kr. 15.000.00 + 3.980.00 + 3.000.00 + 5.000.00, eða samtals kr. 61.980.00. Þá fjárhæð ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda að frádregnum kr. 15.000.00, sem stefndi hefur áður greitt, auk 7% ársvaxta af kr. 61.980.00 frá

11. júlí 1964 til 21/12 1964, en 7% af kr. 46.980.00 frá þeim tíma til 1/1 1965 og 6% ársvexti frá þeim tíma til greiðsludags. Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 11.500.00.

Dóm þenna kvað upp Kristján Jónsson borgardómari.

Dómsorð:

Stefndu, Haraldur Böðvarsson og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði stefnanda, Margréti Sigríði Guðjónsdóttur, in solidum kr. 46.980.00 auk 7% ársvaxta af kr. 61.980.00 frá 11. júlí 1964 til 21/12 '64 og 7% af kr. 46.980.00 frá þeim tíma til 1/1 '65 og 6% ársvexti frá þeim tíma til greiðsludags og kr. 11.500.00 í málskostnað. Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 1. apríl 1966.

Nr. 210/1965. **Ingvar Vilhjálmsson f. h. eigenda**
v/s Rífsness, RE 272, (Ágúst Fjeldsted hrl.)
gegn
Hafsteini Jóhannssyni f. h. eigenda og áhafnar
v/b Eldingar og gagnsök
(Tómas Árnason hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theódór B. Línal.

Björgun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. desember 1965 og krafizt þess, að honum verði dæmt að greiða gagnáfrýjanda einungis kr. 25.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 12. ágúst 1964 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, en málskostnaður í héraði og hér fyrir dómi falli niður.